

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2023

2023/EES/81/19

frá 28. apríl 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/992 frá 8. júní 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/1628 að því er varðar rýmkuð valdheimildir framkvæmdastjórnarinnar til að samþykkja framseldar gerðir ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1i (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628) í XXIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0992**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/992 frá 8. júní 2022 (Stjtið. ESB L 169, 27.6.2022, bls. 43).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2022/992, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 169, 27.6.2022, bls. 43.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.